

Hermikennsla og rýnt í upptöku tilfellis í viðrun

Höfundar: Þorsteinn Jónsson, aðjúnt og Ásdís Guðmundsdóttir, aðjúnt

Inngangur

Hermikennsla er gagnreynd kennsluaðferð í heilbrigðisvísindum sem stuðlar að öruggu og markvissu námi. Í viðrunarluta hermikennslu fer hið eiginlega nám fram, þar sem þátttakendur rýna í aðstæður og athafnir. Notkun myndupptöku í viðrun gerir mögulegt að greina samskipti, ákvörðunartöku og verklega færni með nákvæmari hætti. Reynslan af þessari nálgun hefur þó lítið verið könnuð á Íslandi. Markmið rannsóknarinnar var að meta ávinning hermikennslu þar sem upptöku er beitt í viðrun.

Aðferð

Rýnt var í upptökur af hermitilfellum á námskeiði fyrir lækna í sérnámsgrunni (SNGL) á Landspítala. Námskeiðið byggir á viðmiðum Evrópska endurlífgunarráðsins (ERC) og BASIC-námsefninu, þar sem æfð eru atriði í sérhæfðri endurlífgun og meðferð á öndunarvegi. Þátttakendur leystu hjartastopps-hermitilfelli sem tekið var upp með CaptureCast® hugbúnaði. Í viðrun var upptakan notuð til að rýna í frammistöðu og lærdóm. Í lok námskeiðsins svöruðu þátttakendur rafrænu matskönnun um upplifun og ávinning kennslunnar.

Niðurstöður

Alls tóku 86 unglæknar þátt á tímabilinu 2020–2025 (63% konur, 37% karlar). Þátttakendur gáfu námskeiðinu meðaleinkunn 9,5 (SD 0,69) á kvarðanum 1–10, og töldu erfiðleikastig við hæfi ($M=5,74$; $SD\ 2,17$).

Flestir voru sammála eða mjög sammála um eftirfarandi (Likert-kvarði 1–5):

- Ég lærði mikið sem ég nýt í klínísku starfi, $M=4,81$
- Kennslan var gagnlegur undirbúningur fyrir raunveruleg viðfangsefni, $M=4,87$
- Klínísk færni mín jókst, $M=4,75$
- Faglegt sjálfstraust mitt jókst, $M=4,47$
- Kennslan stuðlar að auknu öryggi sjúklinga, $M=4,88$

Ályktun

Mikil ánægja er með hermikennslu þar sem upptaka er notuð í viðrun. Þátttakendur telja að kennslan efli klínísku færni, sjálfstraust og öryggi í starfi. Kennsluaðferðin er áhrifarík og nýtist vel í þjálfun heilbrigðisstarfsfólks.

Lykilorð

Hermikennsla, viðrun, klínísk færni, öryggi sjúklinga